

ÖLDUNGUR HF.

Sóltún 2
105 Reykjavík
Ísland
Sími: 590 6000
Bréfsími: 590 6001
Tölvupóstfangl: soltun@soltun.is

Öldungur hf. opnaði hjúkrunarheimilið Sóltún 7. janúar 2002. Heimilið hefur þjónustusamning við ríkið um rekstur til næstu 25 ára. Íbúar heimilisins eru 92. Markmið Sóltúns er að veita íbúum sínum bestu hjúkrun og aðra þjónustu sem völ er á, á hverjum tíma og vera aðlaðandi starfsvettvangur. Allir þættir varðandi hönnun húsnæðis og val á hús- og tækjabúnaði hefur miðast við það. Sóltún tekur þátt í að mennta fagfólk innan heilbrigðisþjónustu í samvinnu við menntastofnanir.

BÖRN ÚR LAUGARNESSKÓLA Í HEIMSÓKN

Pann 06. september s.l. kom um 60 börn í heimsókn í Sóltún.

Tilfnið var að hitta nokkra heimismenn og taka viðtal við þá um lífið fyrr á dögum en Laugarnesskóli er hverfis-skóli Sóltúns og verður skólinn 70. ára á þessu ári.

Gaman var að fá þessa heimsókn og höfðu íbúar orð á því hvað börnin voru kurteis og þrúð. Þeir íbúar sem veittu viðtal fengu allir sent fallega skreytt þakkarkort frá heimsóknargestunum góðu.

Pann 13. september í indælu haustveðri komu nemendur úr skólanum á ný og aðstoðuðu íbúa Sóltúns og starfsfólk við að taka upp kartöflur í matjurtagarðinum. Fólk skemmti sér hið besta og stóðu krakkarnir sig vel undir dyggri verkstjórn gróðurhósins. Valdar voru kartöflur í útsæði og um kvöldið var ný ýsa með Sóltúnskartöflum og smjöri í kvöldverð á heimilinu.



Eplatréð í garðskálanum

Aðstandendur geta fengið sendar auglýsingar í tölvupósti, um uppkomur í Sóltúni. Vinsamlegast hafið samband við móttökuna. Aðstandendur geta fengið raflykil að útidrym gegn vægu skilagjaldi í móttöku Sóltúns.

FRÉTTIR ÚR SÓLTÚNI

30.09.2005

Í ÞESSU TÖLUBLADI

HAUST-FAGNAÐUR	1
DAGSKRÁ FRÆDSLUFUNDA	1
ÞJÓNUSTA DJÁKNA	2
STARFSMANNA-FÉLAGIÐ	3
HEIMSÓKN FRÁ LAUGARNESSKÓLA	4

HAUSTFAGNAÐUR ÍBÚA 6.OKTÓBER

Fimmtudaginn 6.október verður hinn árlegi haustfagnaður. Borðhald hefst kl. 18 í sambýlunum. Matseðillinn samanstendur af steiktu lambafille með villibráðasösu, grænmeti haustsins og steinseljukartöflum. Í eftirrétt verður terta með berjum og þeyttum rjóma. Kráarstemning verður í samkomusalnum frá kl. 19:30. Bergþór Pálsson söngvari kemur og syngur nokkur lög við undirleik Þorsteins Gauta Sigurðssonar.



SPENNANDI FRÆDSLUDAGSKRÁ Í SÓLTÚNI

- 28. september flytur Guðný Jónsdóttir erindi um hreinlæti og umgengni
- 05.október flytur Kjartan Örn Sigurbjörnsson erindi um aldur og andi/trúarlíf aldraðra
- 12.október flytur Gunnjóna Una Guðmundsdóttir erindi um fyrirbæn
- 19.október flytur Bára Benediktsdóttir hjúkrunarfræðingur erindi um fyrstu viðbrögð við hjartaáfalli
- 26.október flytur Ída Atladóttir hjúkrunarfræðingur erindi um meðferð við ráfi
- 02.nóvember flytur Björn Einarsson erindi um heilabilun
- 09.nóvember flytur Hlíf Guðmundsdóttir erindi um langlífi
- 16.nóvember fjallar Smári Pálsson taugasálfræðingur um hvort systkini Alzheimersjúklinga séu í meiri hættu á að fá heilabilun
- 23.nóvember flytur Dagmar Huld Matthíasdóttir erindi um virkni aldraðra
- 30.nóvember flytur María K. Jónsdóttir taugasálfræðingur erindi um Verkvillur: að gera annað en maður ætlar sér

VIÐ LEGGJUM ÁHERSLU Á:

- Sjálfræði einstaklingsins
- Virðingu fyrir einkalífi
- Athafnaþrá sé mætt
- Öryggi og vellíðan í fyrirrúmi
- Starfsemin í stöðugri endurskoðun
- Virkt gæðaeftirlit með þjónustu

DJÁKNAPJÓNUSTAN Í SÓLTÚNI.

Sú breyting er orðin innan djáknapjónustunnar í Sóltúni að Jóhanna Kristín Guðmundsdóttir hefur látið af störfum og hafið nám við Háskóla Íslands. Jón Jóhannsson sem verið hefur djákni á fyrstu og þriðju hæð verður fyrir allt heimilið.

Ætlunin er að það verði einn djákni á heimilinu. Það kallar á ákveðnar breytingar á skipuriti, skipulagi og starfi djáknapjónustunnar. Ekki verða breytingar á hugmyndafræði né markmiði Sóltúns né heldur starfslýsingu djákna.

Þær breytingar sem þegar eru komnar í gildi eru m.a. helgistundirnar á fyrstu og þriðju hæð sem eru orðnar sameiginlegar, á fyrstu hæð á föstudögum kl 12:50 og á þriðju hæð á fimmtudögum kl 11:15. Það sem af er virðist þetta gefa góða raun.

Samverustundir og lestur blaða sem verið hefur á þriðju hæð frá upphafi verður ekki lengur í umsjá djákna.

Gefinn hefur verið út nýr bæklingur um djáknapjónustuna í Sóltúni, við bendum á að hægt er að nálgast hann á skrifstofu eða á standi í anddyri fyrstu hæðar.

Guðspjónusturnar verða sem fyrr á mánaðarfresti fram á sumar. Sú fyrsta var 18. september.

Sú nýbreytni verður í vetur að þrjár guðspjónustur verða á föstudögum, það er 14. október 17. mars og 17. apríl, tilraun sem fróðlegt verður að sjá hvernig fólki líkar.

Líkt og undanfarin ár býður Laugarneskirkja íbúum, aðstandendum þeirra og starfsfólki til guðspjónustu 6. nóv. á Allra heilagra messu og í kaffi á eftir. Hvetjum við til almennrar þátttöku í þeirri guðspjónustu sem og öðrum guðspjónustum.



Berjatínslan í matjurtagarðinum

MARGT SKEMMTILEGT Í GANGI HJÁ STARFSMANNAFÉLAGI SÓLTÚNS

Félagar í starfsmannafélaginu fóru á pöbbarölt 23.september í fylgd Birnu Þórðardóttur og var það vel heppnað. Stafagöngunámskeið og Afróðansnámskeið verður í október.

Leikhúsfærð er á döfinni og skipulag árshátíðar stendur sem hæst. Þá varð til þessi saga meðal íbúa:

„Síðla árs 2004 hugðust starfskonur í Sóltúni halda árshátíð. Þær leituðu að húsnæði fyrir árshátíðina, en hvergi á höfuðborgarsvæðinu fengu þær leigðan sal vegna þess að þær eru þekktar fyrir að syngja hátt og var búist við að þær myndu valda nágrönnum ónæði. Að lokum fengu þær leigðan Skíðaskálann í Hveradölum og héldu þangað ásamt körlum sínum, í hópferðabílum. Þegar í skíðaskálann var komið hófust mikil gleðilæti með söng og dansi. Hátt var sungið svo að þakið á skálanum lyftist nokkra sentimetra, en féll svo aftur í sínar fyrri skorður og sjást nú engin ummerki. Og dansinn dunaði. Svo var ærslagangurinn mikill að jörðin tók að skjálfa og voru jarðhræringar fram undir morgun. Í fréttum daginn eftir var sagt að jarðhræringa hefði orðið vart á Hengilssvæðinu og bentu mælingar til að þær hefðu átt upptök í Hveradölum. Það þótti jarðfræðingum undarlegt því að aldrei höfðu jarðskjálftar átt upptök á þeim stað áður. Þeim sem til þekkja fannst fréttin ekkert undarleg og bíða fréttu af hvernig tekst til með næstu árshátíð.

Nýlega var í Sóltúni gerð athugun á hvort einhversstaðar væru lausir munir, sem gætu fallið og valdið slysum í hugsanlegum jarðskjálfta. Mun þetta vera ráðstöfun fyrir næstu árshátíð.”

Fastir liðir:

Bíósýningar eru mánaðarlega í fræðslusal—auglýst í hvert sinn

Bingó er mánaðarlega í samkomusal—auglýst í hvers sinn

Myndbandssýningar eru tvisvar í viku kl. 15:30 á þriðjudögum og fimmtudögum



Eldað fyrir matarklúbbinn